

Fundargerð samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðing, mánudaginn 1. júní 2015 kl 15.00, fundurinn var haldinn í síma. Mætt voru Sigurður Jón Hreinsson, formaður, Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Benediksdóttir, Karl Krisjánsson og Nanný Arna Guðmundsdóttir. Einnig sat fundinn Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður stjórnar FV og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði hann fundargerð.

Formaður setti fundinn.

1. Samgönguáætlun 2015-2018

Formaður kynnti að samgönguáætlun 2015-2018 hefði nú loks verið lögð fram á Alþingi en innanríkisráðherra mælti fyrir þingsályktun um samgönguáætlun þann 29. maí s.l..

Formaður kynnti að Fjórðungssamband Vestfirðinga væri nú boðað á fund umhverfis og samgöngunefndar Alþingis á morgun 2. júní til umsagnar um áætlunina. Bregðast þurfi hratt við þessu erindi, formaður samgöngunefndar og formaður stjórnar lögðu til að tekið yrði saman stutt minnisblað á grunni ályktun 59. Fjórðungsþings og stöðu samgönguverkefna samkvæmt áætlunni. Framkvæmdastjóri kynnti að í framsögu innanríkisráðherra hefði komið fram að leggja yrði nýja 4 ára samgönguáætlun á næsta ári til að vera í takt við ákvæði laga um samgönguáætlun. Framkvæmdastjóri kynnti drög að korti af innviðum Vestfjarða og lagði til að það fylgdi minnisblaði.

Farið yfir efni minnisblaðs og framkvæmdastjóra falið að ljúka því og senda tillögu til nefndarinnar í tölvupósti til umræðu og staðfestingar.

2. Boð á fund umhverfis og samgöngunefndar Alþingis 2. júní 2015, kl 10.00.

Framkvæmdastjóri kynnti að fundarboðið sem barst fyrir hádegi í dag, en þar er öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga boðið og er þeim einnig falið að boða aðildarsveitarfélög. Eftirfarandi var samþykkt.

*Samgöngunefnd FV mótmælir því vinnulagi sem Alþingi hefur í þessu máli m.t.t. tímafrests og hve seint samgönguáætlunin kemur fram í þinginu. Þetta vinnulag kemur m.a. í veg fyrir að fulltrúar í samgöngunefnd geti sótt fund nefndarinnar né formaður, nema hugsanlega í síma.*

Samþykkt að framkvæmdastjóri sækji fund nefndarinnar og reynt verði að koma á símafundi við aðrar nefndarmenn og formann stjórnar. Einnig verði framkvæmdastjóra falið að boða fulltrúa sveitarfélaga á fundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.00.